

Háskólinn að Hólum
Verknám 2006
Uppfært árlega

Guðrún Guðmundsdóttir

Gestaskrudde



Kynningarmappa fyrir gesti

Umsjón: Ingibjörg Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

<u>Kynningarmappa fyrir gesti.....</u>	<u>1</u>
<u>Ferðþjónustan í Hólmi Hornafirði.....</u>	<u>3</u>
<u>Eigendur og ábúendur.....</u>	<u>3</u>
<u>Þjónustan.....</u>	<u>4</u>
<u>Gistingin.....</u>	<u>4</u>
<u>Morgunverður.....</u>	<u>4</u>
<u>Kvöldverður og léttir réttir.....</u>	<u>4</u>
<u>Annað.....</u>	<u>4</u>
<u>Dægradvöl.....</u>	<u>5</u>
<u>Náttúran og sagan í kring.....</u>	<u>6</u>
<u>Vegalengdir frá Hólmi:.....</u>	<u>7</u>
<u>Ýmiss símanúmer:.....</u>	<u>7</u>
<u>Ýmislegt fróðlegt, meira.....</u>	<u>8</u>
<u>Næsta Þéttbýli:.....</u>	<u>8</u>
<u>Umhverfismálin okkar.....</u>	<u>8</u>
<u>Húsdýragarðurinn.....</u>	<u>9</u>
<u>Fjöruferðir og hreindýraskoðun.....</u>	<u>10</u>
<u>Uppskriftir.....</u>	<u>11</u>
<u>Nokkur heilræði.....</u>	<u>12</u>



Kæru gestir, við bjóðum ykkur innilega velkomin hingað að Hólmi.

Ferðapjónustan í Hólmi Hornafirði

Gistiheimilið hérna var opnað þann 5.5.2005 kl 5.05 síðdegis. Þar með hófst saga ferðapjónustunnar hérna í Hólmi.

Unnið hafði verið að endurbótum á gistiheimilinu í tvö ár, og kostaði það bæði blóð svita og tár hjá eigendunum.

Neðri hæð hússins er mjög gömul, en efri hæðin er síðan 1952.

Húsið er okkur eigendunum afar kært, og eins og mörg gömul hús hefur það sál.

Við vonum að ykkur finnist það jafn notalegt og okkur, og njótið dvalarinnar hér og sofið vel.

Sérstaða okkar staðar, er fólgin í kyrrð og ró með fallegt en stórbrotið umhverfi. Og stærð ferðapjónustunnar er þannig að gestgjafar geta boðið upp á persónulega þjónustu, og náttúruupplifun gesta á að geta staðið undir væntingum þeirra.

Gistiheimilið er opið allt árið nema 24. og 25. des 31. des og 1. janúar

Eigendur og ábúendur

Við eigendur og ábúendur í Hólmi heitum Magnús Guðjónsson og Guðrún Guðmundsdóttir. Í daglegu tali göngum við undir nöfnunum Maggi og Gunna.

Við eigum 3 börn Guðjón Örn, Birnu Jódísi, og Arndísi Ósk.

Maggi er fæddur og uppalinn hérna í Hólmi, en Gunna er Húnvetningur.

Foreldrar Magga búa í litla gula húsinu sem stendur hér austan gistiheimilisins, en þau voru fyrri eigendur og ábúendur jarðarinnar.

Við rekum auk ferðapjónustunnar búskap hérna í Hólmi. Til nytja er það aðallega sauðfjárrækt. En einnig hross, kanínur, naggrísi, geitur, íslenskar hænur, lynghænur, endur, gæsir, fashanar, dúfur og grís, og alltaf er eitthvað að bætast í safnið. Einn hund eigum við sem nefnist Lúkas, og er afar meinlaus og góður.

Kisan okkar er gömul og settleg og ber virðulegt nafn Móna Lísu, og á eflaust eftir að rölja hér um utan dyra, bæði til að sjá aðra og sýna sig ásamt dóttur sinni Nóru.

Við höfum einnig nýverið hafið skjólbeltaræktun, á jörð okkar, og nytjaskógrækt.

2009 opnuðum við húsdýragarð hérna. 2010 opnuðum við svo veitingaaðstöðu á í gömlu fjósi á staðnum.

Við erum bæði menntaðir búfræðingar, og að auki er Maggi tölvuviðgerðartæknir, og Gunna er ferðamálafræðingur.



Þjónustan

Gistingin

Við bjóðum upp á gistingu í tveimur húsum. Annars vegar í 6 herbergjum á gistiheimilinu og einnig inn á heimili okkar í 2 herbergjum.

Herbergin í gistiheimilinu eru öll tveggja manna og eru án baðs.

Herbergin á heimili okkar eru með tvíbreiðum rúmum, og án baðs.

Bæði er boðið upp á gistingu í uppþúnum rúmum, og einnig svefnpokagistingu, og gestir geta fengið aukarúm, eða dýnu inn á herbergin ef óskað er.

Í gistiheimilinu lítil setustofa, og aðstaða til að snæða nesti ætluð gestum okkar. Þar er eldunaraðstaða opin á láönn.

Baðherbergi eru á báðum hæðum.

Inn á einkaheimilinu hafa gestir aðgang að setustofu, og sameiginlegu baðherbergi með heimilisfólkinu.

Morgunverður

Við bjóðum upp á morgunverð, og hann er borinn fram á veitingastaðnum okkar.

Á sumrin er opið er frá 7,30-9,30. Ef gestir óska eftir öðrum tíma þá er reynt að koma á móts við þarfir þeirra.

Við leitumst við að bjóða gestum okkar upp á fjölbreyttan og ríkulegan morgunverð, og ef einhverjar séróskir eru, þá er gott að fá upplýsingar um þær með góðum fyrirvara.

Kvöldverður og léttir réttir

Við bjóðum einnig upp á léttu rétti yfir daginn og kvöldverð ef pantað er fyrirfram. Og erum þá yfirleitt með rétt dagsins.

Þar leitumst við einnig eftir að bjóða upp á fjölbreytni úr sem mestu íslensku hráefni, og af svæðinu.

Annað

Eigendur ferðaþjónustuna eru í flestum tilfellum við 24 klst á sólarhring. Nema annað sé auglýst á dyrum móttökunnar.

Hægt er að hafa samband við þá á heimili þeirra, eða í síma. 4782063 og 8615959. Gestum er alltaf velkomið að leita sér upplýsinga hjá okkur t.d varðandi veður, ferðir og annað. Við viljum veita gestum okkar sem ánægjulegasta dvöl hérna.

Hægt er að fá að setja í þvottavél og þurrkara gegn gjaldi.



Dægradvöl

Ýmislegt er hægt að finna sér til dægrastyttingar fyrir gesti staðarins. Staðsetning Hólms er ákaflega hentug fyrir þá sem ætla að dvelja nokkra daga á svæðinu. Á nokkrum stöðum er hægt að komast í góða nálægð við skriðjökla Vatnajökuls, og er einn þeirra Fláajökull í nágrenni Hólms. Hægt er að fara í jöklaferð, á snjósleða eða jeppa upp á Skálafellsjökul. Eða fara í útsýnissiglingu á Jökulsárlón, innan um stórfenglega ísjaka. Það er hægt að heimsækja afar áhugavert Jöklasafn, Ís-land á Höfn, og þar eru einnig önnur skemmtileg minjasöfn, og handverkssala. Í útjaðri Hafnar er einnig glæsilegur 9 holu golfvöllur. Tvær sundlaugar eru í nágrenninu, báðar útilaugar og er það á Höfn og í Örafum. Frá Hólmi er hentugt að fara í dags heimsókn í Örafasveit. En þar er t.d hægt að ganga um í þjóðgarðinum í Skaftafelli, eða fara í göngu á Hvannadalshnjúk. Einnig eru í boði skemmtilegar ferðir út í Ingólfshöfða á heyvagni aftan í dráttarvél.

Fyrir þá gesti sem hafa gaman af gönguferðum, eru ýmsir möguleikar. Hægt er t.d að ganga inn að Fláajökli ca 8 km. Einnig hægt að keyra þangað. Inn við Fláajökul eru stikaðar gönguleiðir. Ein að jöklinum, og ein hringleið sem er fræðslustígur og segir t.d frá baráttu íbúa sveitarinnar við Hólmsá. Hægt er að ganga niður á Suðurfjörur sem eru í um 6 km suður frá Hólmi. Vegur niður á þær liggur meðfram Hólmsá. Skemmtileg gönguleið er einnig stikuð um skógræktarsvæði Austur Skaftfellinga í Haukafelli, á Mýrum. Ef gestir vilja fara í dagsgöngu er upplagt að ganga Heinabergsdal sem er í nágrenni Hólms. Það er fallegur og friðsæll dalur og töluverðar líkur á að hægt sé að sjá hreindýr.

Gestum staðarins er velkomið að ganga um á landareign Hólms utan vegslóða, ef þeir vilja t.d fara í náttúruskoðun. Mikið fuglalíf er umhverfis bæinn.

Á bænum er rekin **húsdýragarður** með ýmiss húsdýr sem gestum er velkomið að heimsækja á opnunartíma. Garðurinn er opin frá kl 10-17 alla daga, nema annað sé auglýst. (**sjá síðu 9**)
Ef gestir óska að skoða dýragarðinn utan opnunartíma er það hægt í samráði við eigendur staðarins.
Ferðapjónustan í Hólmi býður einnig upp á **fjörufarir** með leiðsögn og **hreindýraskoðun** (**sjá síðu 10**)



Náttúran og sagan í kring

Hólmur dregur nafn sitt af því að hafa áður fyrr verið hólmi umflotin vatni. En öldum saman voru Hólmsá og Heinabergsvötn mestu áhrifavaldar byggðarinnar á Mýrum og eru fjölmörg dæmi þess að bæir hafi lagst í eyði eða verið fluttir til vegna ágangs þar sem vötn flæddu stjórnlaust um tún og engi á vestari hluta sveitarinnar.

Árið 1937 var ráðist í þær framkvæmdir af bændum sveitarinnar að hlaða varnargarð inn undir Fláajökli, sem er norðan bæjarins, og veita Hólmsánni, sem undan honum kemur, í nýjan farveg.

Allt efni í varnargarðinn var flutt með hjólbörum eða á hestakerrum. Var straumurinn orðinn svo sterkur undir það síðasta að hann þreif allt efni með sér þar til búnir voru til einskonar gámar úr vögnum hestakerranna og þeir fylltir af grjóti. Þótti þetta verk hið mesta þrekvirki sem seint verður leikið eftir. Síðan þá hefur vatnaágangur frá ánni helst verið bundin við mikla vatnavexti sem geta átt sér stað eftir langvarandi rigningar, og bresta þá oft skörð í varnargarða meðfram ánni.

Árið 2002 var ráðist í aðrar, framkvæmdir að gera mikinn varnargarð fram af Fláajökli, vegna hættu sem var orðin á að Hólmsá færi að flæða yfir eystri hluta sveitarinnar. Mikil hopun hafði átt sér stað á Fláajökli, og breytingar á útfalli vatns undan honum. Í kjölfari þessarar framkvæmda myndaðist stórt jökullón framan við jökulinn.

Óneitanlega ber gróðurfar og landslag í nágrenni Hólms þess merki að hafa búið við nálægð jökuls.

Mikið er af jökulaurum, og jökulöldum norðan við bæinn, sem eru ódum að gróa upp. Inn undir Fláajökli er að koma upp mikið af krækiberjalyngi, og ýmiss blómgróður. Í góðum berjaárum er orðið auðvelta að finna töluvert af berjum þar.

En áberandi í nágrenninu eru einnig vel gróin klapparholt. Klappir þessar eru sjáanlega jökulsorfnar.

Mýrlendi er víða í kring, en sérstaklega vestan og sunnan bæjarins. Víða eru starartjarnir, og svokölluð rot, sem virðast botnlaus, og skila seint því sem þau taka. Í tjörnum og lækjum á landareigninni er nokkuð um ála, og eftir rigningar gengur oft fallegur silungur upp úr innfirði Hornafjarðar og í lækinn sem rennur austan bæjarins.

Fallegt útsýni er af bæjarhólnum yfir sveitina og á tignarleg og stórskorin fjöllin í kring, sem rísa upp inn af láglandinu með skriðjöklanna sér við hlið. Oft er hægt að sjá brimið út á fjörum þegar það gefur yfir klettana þar.

Mikið fuglalíf er í nágrenninu, og má þar nefna spóa, lóu, kjóa, hrossagauk, tjald, skógarpröst, maríuerlu, kríu, jaðrakan, ýmsar tegundir anda, álf, gæs, skúm, og svo frv. Á veturna og vorin eru hreindýrahjarðir oft í nágrenninu, og eitthvað er af tófu og mink.



Vegalengdir frá Hólmi:

Fláajökull	8 km
Suðurfjörur	6 km
Skógrækt Haukafelli	15 km
Höfn í Hornafirði	33 km
Vegamót að Skálafellsjökli	12 km
Jökulsárlón	46 km
Ingólfshöfði /Hofsnes	79 km
Skaftafell	103 km
Egilsstaðir um Öxi	219 km
Egilsstaðir/ Breiðdalsheiði	280 km
Egilsstaðir /Fjarðarleið	274 km
Kirkjubæjarklaustur	168 km
Vík	240 km

Ýmiss símanúmer:

Ferðapjónustan Hólmi	478-2063 eða 861-5959
Ferðir í Ingólfshöfða/Hvannadalshnjúk	894-0894
Ernir flug Hornafirði	478-1250
Golfskálinn	478-2197
Heilsugæslustöðin	478-1400
Jöklasýning	478-2665
Jöklaferðir	478-1000 eða 894-3133
Jökulsárlón	478-2222
Lögreglan Höfn	478-1282
Neyðarlínan	112
Taxi Höfn	865-4353
Upplýsingarmiðstöðin Höfn	478-1500



Ýmislegt fróðlegt, meira

Næsta Þéttbýli:

Næsta þéttbýli er Höfn í Hornafirði, og er það í 33 km fjarlægð til austurs frá Hólmi.

Þar er að finna alla helstu þjónustu sem hin almenni ferðamaður þarfnast. Upplýsingamiðstöð ferðamanna hefur aðsetur þar, og er opin alla daga sumarsins frá 8-18.

Á Höfn er ein matvöruverslun Nettó og stendur hún við aðalgötu bæjarins í stóru húsnæði, sem hýsir einnig aðra þjónustu og verslanir.

2 bensínstöðvar eru á staðnum Olis og N1.

Nokkrir veitingarstaðir eru reknir á Höfn og nágrenni.

Heilsugæsla er á staðnum og einnig lögreglustöð.

2 Bankar eru við aðalgötuna, Landsbankinn og Sparisjóður Hornafjarðar.

Pósthús staðarins stendur við aðalgötuna.

Útisundlaug er á Höfn og hún stendur einnig í náglægð við aðalgötuna.

Góður 9 holu Golfvöllur er á Höfn og er í útjaðri bæjarins.

Á Höfn er ákaflega áhugaverð sýning sem ber nafnið Ís –land og er heiti yfir nokkurskonar Jöklasafn. Fleiri áhugaverð söfn eru á staðnum og má þar nefna Sjóminjasafn, og byggða, og búvélasafn. Sala á handverksmunum hagleiksfólks í sýslunni er rekið í húsnæði við aðalgötuna og ber nafnið Handraðinn.

Umhverfismálin okkar

Við eigendur ferðaþjónustunnar í Hólmi erum sífellt að leitast við að standa vörð um, og fegra umhverfi okkar, þrátt fyrir að vera ekki komin langt á leið, í þeim málum.

En upphaf er að öllu, og segja má að endurgerð að gistiheimilinu hafi verið okkar upphaf.

Næsta stóra skref hjá okkur er að hreinsa allt brotajárn af jörð okkar, en það ber þess merki að hér var rekið viðgerðarverkstæði til margra ára. Inn á milli tókum við nokkur hæufet, og má þar nefna að við reynum að flokka ýmislegt sem áður fyrr fór beint í ruslið. Við förum með allt í endurvinnslu sem hægt er, og óskemmd afgangsmatvæli eru nýtt handa dýrunum, svo sem grænmeti og brauð.

Við leitumst eftir að lágmarka notkun á þvottaefnum, og að þau séu með vottun. Svona reynum við smátt og smátt að starfa í sátt við náttúruna, og stefnum á það mikilvægi að verða þátttakendur innan Green Globe samtakanna fljótlega, og auka þar með gæði ferðaþjónustu okkar.



Húsdýragarðurinn

Húsdýragarðurinn í Hólmi var opnaður þann 25.júlí árið 2009.

Garðurinn er opin allt árið nema að annað sé tekið fram.

Opnunartími er kl: 10-17.

Í garðinum er alltaf einn starfsmaður á vakt í hvert sinni og mun hann liðsinna gestum garðsins eftir bestu getu.

Ef gestir óska eftir að skoða garðinn utan auglýsts opunnartíma þá vinsamlegast setjið ykkur í samband við starfsmenn eða eigendur og við munum koma á móts við ykkur.

Í garðinum má finna ýmsar dýrategundir. Sauðfé, hesta, kálfa, geitur, grís, ketti, ýmsar kanínutebundir, naggrísi, íslenskar hænur, dverghænur, lynghænur, fashana, ýmsar dúfnategundir, gæsir, og tvær andategundir. Mismikið er af tegundum eftir því hvaða árstími er. Á veturnar er sauðféð inni og minna af ungvíði. En þegar vorar kvikna líf í garðinum. Þá iðar allt af ungvíðum af ýmsum gerðum.

Á sumrin er mikið af dýrunum utan dyra í stíum og girðingum við bæinn. Þegar haustar og kólnar færur við þau inn.

Við biðjum gesti að sýna aðgát í nærveru dýranna. Mörg dýr þola illa hávaða og köll. Þau eru líka misgæf og mismannelsk. Sum vilja knús og kjass og önnur ekki.

Varist t.d að rétta kanínum hendina þær geta bitið.

Athugið að börn eru á ábyrgð forelda á leið sinni um garðinn.

Það er von okkar að þið njótið ferðar ykkar um garðinn og verið óhrædd að leita svara hjá okkur ef upp vakna spurningar er varða dýrin.



Fjörufærðir hreindýraskoðun og fleira.

Ferðapjónustan í Hólmi býður upp á skipulagðar ferðir.

1. **Kvöldferðir** frá Hólmi útá fjörur.

Í ferðum þessum gefst fólki kostur á að kynnst veröld þeirri sem fjaran og nálægð sjávarins býður upp á.

Frá fjörunum er falleg sýn á fjallahring Hornafjarðar.

Lagt er af stað frá Hólmi kl: 20:00.

Ekið er út á fjörurnar, og þaðan eftir fjörinni til austurs útá Melatanga.

Melatangi er beint á móti Höfn. Þar eru gamlar rústir frá veru setuliðsins hér í seinni heimstyrjöldinni, og einnig fyrrum flugvöllur Hornfirðinga.

Rétt utar er Hornafjarðarós, en þar er innsiglingin til Hafnar. Við rústirnar er stoppað og litast um, einnig bragðað á hákarli, harðfiski, brennivíni eða egils malti.

Komið er til baka að Hólmi Kl: 22:00-22:30.

Á veturnar er einnig boðið uppá þessar sömu ferðir en þá er lagt af stað um það bil kl: 11:00 til 14:00 eða eftir samkomulagi.

Á veturnar er líka boðið uppá **hreindýraskoðunarferðir**.

Þá er reynt að komast nærri hreindýrum og þau skoðuð í náttúrulegu umhverfi sínu.

Farþegar fá afnot af öflugum sjónauka ásamt fræðslu um hreindýr og hegðun þeirra.

Lagt af stað frá Hólmi um það bil kl: 13:00 til 14:00 eða eftir samkomulagi.

Best er að bóka ferðirnar fyrirfram í síma : 8615959 eða 4782063

Einnig má senda tölvupóst á : holmur@eldhorn.is

Verð allar ferðir : 5500 á mann frá 12 ára aldri.

Hálft gjald fyrir 3 til 11 ára

Frítt fyrir 0 til 3 ára

Lágmarksfjöldi farþega 2.



Uppskriftir

Pönnukökur la Gunna og Maggi

250 gr hveiti
2 tsk lyftiduft
1 tsk salt
1 msk sykur
30 ml olía
2 egg
sletta af sítrónudropum
og mjólk eftir þörfum.

Berist fram ásamt heimatilbúinni rabbabarasultu og rjóma.

Jöklableikja sem forréttur að hætti Hólmsbúa

2 flök Jöklableikja
2 rauðlaukar
2 msk smjör
4 msk sykur
2msk edik
10 tartalettur
sósa
1/2 dós sýrður rjómi
2 msk mayones
fullt af graslaukur
smá sinnep.

Takið bleikjuna og sjóðið hana í léttsoöltuðu vatni, roðflettið svo og maukið. Saxið laukinn og svitið hann á pönnu með 1 msk smjöri. Takið af pönnunni og brúnið sykurinn síðan og bætið 1 msk smjöri út í og edikinu. Bætið lauknum út í karamelluna. Varist að hafa karamelluna of þykka eða þunna. Setjið silungsmaukið í tartalettturnar, og karamellulaukinn þar ofan á. Útbúið sósuna, og berið síðan fram með grænu salati og sítrónusneið.

Verði ykkur að góðu



Nokkur heilræði.

Kæru gestir við þökkum ykkur fyrir að velja það að dvelja hjá okkur.

Við vonum að dvölin verði ykkur ánægjuleg, og þið farið með góðar minningar frá Hornafirði héðan.

Það er okkur mikils virði að fá að kynnast gestum okkar, og fá að aðstoða ykkur.

Við tökum einnig við öllum góðum ábendingum, varðandi ferðaþjónustuna, oft sjá augu betur en auga

Hikið því ekki við að leita eftir aðstoð ef þið þurfið, og við höfum ákaflega gaman af að spjalla, og fræðast hjá gestum okkar þegar færi gefst á.

Það er oftast heitt á könnunni hjá okkur.

Athugið að ykkur er velkomið að ganga hér um túnin og hólanna.

Sumstaðar eru rafmagnsgirðingar, varist að koma við þær, því þær eru með straumi á.

Athugið að yfir sumartímann getur verið um heyvinnu að ræða, seinnipart dags og á kvöldin á túnunum hér í nágrenninu, en við leitumst eftir því að ekki sé vélagnýr hér eftir kl 23. Ef til þess kemur biðjumst við velvirðingar á því.

Athugið að Lúkas hundurinn okkar á það til að reka upp smá gjamm, en það er einungis til að láta okkur vita af mannaferðum, en hann er ákaflega blíður og góður hundur, sem gerir engum mein.

Athugið einnig að kettirnir okkar geta stundum verið uppáþrengjandi, og stuggið þá bara við þeim, þeir skilja það oftast. Vinsamlegast ekki hleypa þeim inn í gistiheimilið. En við leyfum ekki gæludýr á gistiheimilið.

Okkur þætti vænt um ef þið hjálpið okkur varðandi sorpmálin, og setjið dósir og flöskur sér í poka, en þá er að finna í eldhúsinu.

Einnig viljum við biðja ykkur um að fara úr skónum í forstofunni.

Vinsamlegast takið tillit til allra gesta og reykið ekki innandyrna.

Okkur þykir ákaflega vænt um þegar gestir okkar skrifa í gestabókina. Og ekki síst þegar þeir teikna myndir líka. Vinsamlegast veitið okkur þá ánægju líka.

Njótið dvalarinnar, og vonandi eigið þið eftir að koma aftur.

Maggi og Gunna